

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Þorsteinn Briem.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 32 frá 1931, um búfjárrækt.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldiuborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir orðunum „taka þátt í sameiginlega kostnaðinum, sbr. 3. gr.“ í 1. mgr. 7. gr. laganna komi: og má taka hið niðurjafnaða gjald lögtaki. Orðin „nema hálfan“ í 2. mgr. sömu greinar falli niður.

2. gr.

Á eftir orðunum „lög nr. 19, 15. júní 1926“ í 89. gr. laganna komi: lög nr. 27 7. maí 1928.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Þorsteinn Briem.